


Umhverfisstofnun
Áb. PT
09 MARS 2005
54.23
Tilv UST20050100235

Skipulagsstofnun  
 Ásdís Hlökk Theodórsdóttir  
 Laugavegi 166  
 150 Reykjavík



**Umhverfisstofnun**  
 Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24  
 IS - 108 Reykjavík, Iceland  
 ☎ (+354) 591 2000  
 Fax (+354) 591 2010  
 umhverfisstofnun@ust.is  
 www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 8. mars 2005  
 Tilvisun: UST20050100235/pt

### Hljóðvist á Lundarsvæði, Kópavogi

Vísað er fyrirspurnar Skipulagsstofnunar frá 11. febrúar 2005 um ofangreint málefni. Þar er óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort hún telji að fyrirliggjandi samþykkt heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 27. október 2003 uppfylli ákvæði 8. gr. reglugerðar um hávaða um undanþágu ákvæðum um 5 gr. um mörk fyrir hljóðstig.

Umhverfisstofnun telur að samþykkt heilbrigðisnefndar frá 27. október annars vegar um að beita megi fráviki II fyrir íbúðabyggð við Lund, og hins vegar að þar sem frávik II á ekki við þar sem hljóðstig verði ekki undir 55 dB(A) utan við opnanlega glugga í minnst helmingi íveruherbergja í hverri íbúð, þá skuli þar vera hljóðdeyfar loftrásir og vélræn loftræsting sem tryggir viðunandi loftskipti og að hljóðstig innanhúss verði undir 30 dB(A) standi þó svo að útfærslu á skipulagi sé breytt.

Stofnunin bendir á með ýmsum byggingartæknilegum útfærslum er hægt að tryggja að hljóðstig við opnalegan glugga sé undir viðmiðunargildum þó svo að hljóðstig við húshlið sé yfir mörkum.

Umhverfisstofnun telur hins vegar að ekki skuli líta á samþykkt heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 27. október 2003 sem undanþágu samkvæmt 8. grein fyrir núverandi skipulagstillögu til að þess að hafa opnanlega glugga á íveruherbergjum þar sem frávik II á ekki við og hljóðstig er yfir 55 dB(A). Ef slík tilvik koma upp þar sem vegna sérstakra óviðráðanlegra aðstæðna þarf að veita slíka undanþágu getur heilbrigðisnefnd að höfðu samræði við Umhverfisstofnun veit slíkt leyfi fyrir hvert einstakt tilvik. Þegar slíkar undanþágur er íhugaðar þá er eðlilegt að miða við að tryggt sé að full loftræsting sé til staðar án þess að það þurfi að opna glugga á háværum hliðum húsa.

Virðingarfyllst

Pór Tómasson

Helgi Jónasson

Afrít: Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis